

Fundargerð stjórnarfundar 21. okt. 2010

Staður: Gnitahéiði 14, Kópavogi
Tími: 21. okt. 2010, kl. 20 – 22.30
Viðstaddir:

Fulltrúi Heiðarbrautar: Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG)
Fulltrúi Hólsbrautar: Valdimar Reynisson (VR)
Fulltrúi Dalbrautar: Hjalti Elíasson (HE)
Fulltrúi Keldudals: Guðrún S Ólafsdóttir (GSÓ) (seinni helming fundar)
Fulltrúi Króks: Hannes Siggason (HS)

Forföll boðuðu:

Frá Gilbraut: Sveinn Baldursson (SB)
Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Skipting embættis í stjórn starfsárið 2010 - 2011
- 2) Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar, lýst eftir athugasemdum og fundargerðin borin upp til samþykktar (Umsj. SB)
- 3) Fyrirkomulag stjórnarfundar. Fundaáætlun stjórnar 2010-2011. Sjá fylgiskjal með fundarboði (Umsj. HS)
- 4) Fjárhagsstaða félagsins (Umsj. GSÓ)
- 5) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj. HE)
- 6) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010-2011 – Sjá fylgiskjal með fundarboði. (Umsj. yfirferðar HS en allir stjórnarmeðlimir eiga verkefni á listanum)
- 7) Önnur mál (Allir)

1) Skipting embættis í stjórn starfsárið 2010 – 2011

Á aðalfundi Félags landnema Fellsmörk 26. apríl s.l. var HS kjörinn formaður til eins árs. HS lagði til að GSÓ yrði gjaldkeri og SG yrði ritari í stjórn félagsins starfsárið 2010 – 2011. Þetta var samþykkt.

2) Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar, lýst eftir athugasemdum og fundargerðin borin upp til samþykktar

Þessum dagskrárlið var frestað til næsta fundar þar sem fráfarandi ritari (SB) mætti ekki til fundar. Hann hefur ekki skilað fundargerðarbók félagsins til formanns þrátt fyrir beiðni þar um.

3) Fyrirkomulag stjórnarfunda. Fundaáætlun stjórnar 2010-2011

Formaður hafði sent fundaáætlun stjórnar starfsárið 2010 – 2011 með fundarboði. Fundaáætlunin var samþykkt og var svohljóðandi:

Dagsetning	Gestgjafi	Heimilisfang
21. okt. 2010	Hannes Siggason	Gnitaheiði 14, Kóp,
18. nóv. 2010	Hjalti Elíasson	Laugateig 16, Rvk.
Enginn fundur í des. 2010		
20. jan. 2011	Sigurlaug Guðmundsdóttir	Hamraborg 18, Kóp.
17. febr. 2011	Sveinn Baldursson	Fellahvarfi 8, Kóp.
17. mars 2011	Einar Ragnar Sigurðsson	Hæðargarði 34, Rvk.
14. apríl 2011	Guðrún S. Ólafsdóttir	Fjallalind 121, Kóp.

4) Fjárhagsstaða félagsins

Þessum dagskrárlið var frestað til næsta fundar þar sem prókúruhafaskipti hafa ekki farið fram. GSÓ mun útvega eyðublað vegna prókúruhafaskipta og setja sig í samband við fyrrverandi gjaldkera.

5) Fréttir af stjórnarstörfum SR

HE er fulltrúi Félags landnema á Fellsmörk í stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur (SR). HE upplýsti í stutu máli það helsta sem rætt var á síðasta stjórnarfundum SR og varðar Fellsmörk:

Fellsmörk, fundur með ráðuneyti:

Þröstur Ólafsson formaður stjórnar SR og Helgi Gíslason framkvæmdastjóri SR áttu fund með ráðuneytisstjóra Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins ásamt lögmanni ráðuneytisins og gerðu grein fyrir vanda félagsins vegna samnings um Fellsmörk. Lögfræðingi ráðuneytisins var falið að endurskoða samninginn milli SR og ráðuneytisins og fara yfir allar forsendur og hafa síðan samband við Helga.

Fellsmörk, vegagerð o.fl.

- Þröstur Ólafsson formaður stjórnar SR las svarbréf frá sveitastjórn Mýrdalshrepps vegna bréfs sem félagið sendi vegna færslu vegaslóða á Fellsmörk. Sveitastjórn leggur til endurskoðun á deiliskipulagi Fellsmerkur vegna ákvörðunar um hvar vegir skuli vera í framtíðinni. Haft verði samband við fornleifanefnd.
- Árni Bragason meðstjórnandi í stjórn SR vill að haft verði samband við Landgræðslu ríkisins vegna undirbúnings deiliskipulags þar sem þeir hafi öll gögn til kortagerðar og gróðurkort.
- Kristjana Bergsdóttir meðstjórnandi í stjórn SR vill leita leiða til að plantað verði allt að einni milljón plantna á ári á Fellsmörk. Rætt verði við Suðurlandsskóga um samvinnu.
- Helga og Þresti falið að hafa samband við Svein hjá Landgræðslunni og Björn hjá Suðurlandsskógum og áframhaldandi viðræður við ráðuneytið.

6) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010-2011

Formaður hafði sent tillögu að verkefnalista (útg. 1 – 17.10.2010) með fundarboðinu. Verkefnalistinn endurspeglar tillögu formanns að áherslumálum stjórnar starfsárið 2010 –

2011. Á listanum kemur fram hver á að vera í forsvari fyrir hvert verkefni sem og hverjir eiga að vinna að verkefninu með forsvarsmanni.

Verkefnalistinn var samþykktur og fylgir með fundargerðinni sem fylgiskjal (útg. 2 – 21.10.2010).

Farið var yfir verkefnin og stöðu þeirra (sum verkefnin hafa verið á borði stjórnar s.l. 3 ár):

Verkefni nr. 1. Hagsmunamál landnema gagnvart SR:

1.1 Endurgreiðsla leigu árið 2010 til þeirra landnema sem eru með lönd án vegasambands: HS var falið að skrifa bréf til SR þar sem farið verði fram á að þeir landnemar sem eru með lönd án vegasambands verði ekki rukkaðir um leigu á meðan ekki er unnt að komast akandi að hinum leigðu spildum. Þeir sem þetta gildir um og hafa greitt leiguna – fá endurgreitt. Röksemdin er að leigusala er ekki stætt á að rukka leigu af því sem ekki er í því ástandi sem leigusamningur segir til um.

1.2 Varanlegar stofnbrautir á austursvæði. Þetta mál virðist þokast áfram hjá SR. SR hefur sent erindi vegna málsins til sveitarstjórnar Mýrdalshrepps.

1.3 Varanlegar stofnbrautir á vestursvæði. Sjá 1.2

1.4 Nýir leigusamningar við SR. Hér er átt við leigusamninga milli SR og landnema. Tillaga stjórnar FLÁF hefur verið til skoðunar hjá stjórn SR síðan vorið 2009.

1.5 Varanlegir varnargarðar vegna vatnsfalla – Viðhald varnargarða. Þetta verkefni fellur inn í verkefni nr. 1.2 og 1.3.

1.6 Varanlegir vegslóðar að öllum lóðum landnema – Viðhald vegslóða. HE mun minna SR á að þessu verkefni er ekki lokið.

1.7 Varanlegar fjárheldar girðingar umhverfis Fellsmörkina. HE mun minna SR á að þessu verkefni er ekki lokið.

Verkefni nr. 2 Hagsmunamál landnema gagnvart öðrum en SR:

2.1 Rafmagn á Fellsmörk – Athugun á kostnaði og möguleikum. Ekkert bitastætt hefur ennþá borist frá RARIK. GSÓ mun vinna áfram í þessu máli og upplýsa á næsta fundi.

Verkefni nr. 3 Landgræðsluskógaverkefnið á Fellsmörk:

3.1 Undirbúningur landgræðsluskóga sumarið 2011. HS mun sækja um plöntur vorið 2011 í samráði við dtjórn FLÁF.

Verkefni nr. 4 Fræðslumál félagsmanna:

4.1 Árlegur fræðslu- og upplýsingafundur. SG var falið að undirbúa fræðslufund í nóv. 2010. HS gaf upp samkomuhús Framsóknarfélags Kópavogs sem mögulegan fundarstað.

Verkefni nr. 5 Upplýsingar til félagsmanna:

5.1. Heimasíðan. ERS hefur tekið að sér umsjón með heimasíðunni á komandi starfsári.

Verkefni nr. 6 Stefnumótun

6.1 Stefnumótun Félags landnema á Fellsmörk. GSÓ er í forsvari fyrir fyrir þetta verkefni sem mun hefjast í jan. 2011. Allir stjórnarmeðlimir munu þurfa að koma að þessu verki sem og aðrir félagsmenn.

7) Önnur mál

HS upplýsti að dóttir Páls Jóhannssonar landnema á Hólsbraut 5 hefði haft samband og upplýst að Páll væri kominn á öldrunarheimili og væri hættur sem landnemi. Enginn í fjölskyldunni hyggst taka við landspildu Páls.

Fundi slitið um kl. 22.30.

Fundargerðina ritaði Sigurlaug Guðmundsdóttir

Dreifing:

- Stjórn félagsins
- Heimasíða félagsins

Fylgiskjöl fundargerðar:

- Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010 – 2011, útg. 2 – 21.10.2010

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir: